

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Skýrsla gæðastjóra fyrir haustönn 2014

Febrúar 2015
Hrafnhildur Sólrún Sigurgeirsdóttir

Inngangur

Þessi skýrsla er unnin skv. verklagsreglu VKL-101 Stjórnun gæðamála og er samantekt á þeim verkefnum sem falla undir gæðastjóra og gæðaráð þarf að fjalla um. Skýrslunni fylgja töflur yfir niðurstöður úr þeim verkferlum og úttektum sem gæðakerfi skólans setur upp.

Rýni stjórnenda – 10.06.14

Rýni stjórnenda fór fram 10. júní 2014 á gæðaráðsfundi skv. verklagsreglu VKL-101 Stjórnun gæðamála. Meðfylgjandi er skýrsla rýnnar.

Gæðamarkmið - mælikvarðar

Þeir mælikvarðar sem notaðir eru, eru skv. eyðublaði STS-007 Gæðamarkmið - Mælikvarðar. Á haustönn 2014 var kennslukönnunin unnin í gegnum Survey Monkey og fengu nemendur tölvupóst með slóð inn á könnunina. Þau fög sem voru í könnun að þessu sinni voru íþróttagreinar, enska, vélstjórn, bifvélavirkjun, háriðn og málmiðn. Jafnframt var gerð sérstök könnun í NSK.

Alls voru sendar út 1786 kannanir og fengust 627 svör. Farið var inn í ákveðna hópa og nemendur beðnir að svara könnuninni í tölvustofu og ítekunarpóstur var sendur út í lok nóvember. Það er ljóst að finna þarf leið til að bæta svörun nemenda við þessari könnun. Áfangastjórar og aðstoðarskólameistari hafa tekið saman töluleg gögn um árangur starfsins á haustönn 2014 og þau gögn hafa verið borin saman við gæðamarkmið og mælikvarða þar sem það var hægt. Meðfylgjandi er stjórnskipulagsskjalið **STS-007**

Gæðamarkmið-Mælikvarðar og niðurstöðurnar.

Af þeim ellefu þáttum sem þar eru tilgreindir, voru sjö mældir á þessari önn en eldri niðurstöður eru tilgreindar í fjórum þáttum.

Meðaleinkunn er leitast við að sé 6,5 eða hærri. Haustið 2014 var meðaleinkunn 6,78. Því kemur sá þáttur ívið betur út en sett er fram í markmiðum.

Fallprósentu leitast skólinn við að hafa undir 10%. Haustið 2014 var fallprósentan 10,4%. Því kemur sá þáttur verr út en sett er fram í markmiðum.

Mætingar er leitast við að hafa 90% eða hærri. Haustið 2014 voru mætingar 87,1%. Það er undir því viðmiði sem sett er fram í markmiðum.

Brottfall er leitast við að hafa undir 9,0%. Haustið 2014 var brottfallið 11.5%. Því kemur þessi þáttur verr út en sett er fram í markmiðum.

Bent skal á að niðurstöðurnar fyrir gæðamarkmið VMA nú eru bornar saman við markmið sem sett er fyrir eitt almanaksár. Þá eru þetta þættir sem sveiflast mjög á milli ára og því verður að hafa fullan fyrirvara á niðurstöðunum.

Kennslukönnun

Í gæðamarkmiðum skólans er tveimur spurningum úr kennslukönnun svarað. Þær eru: Ég er ánægður með kennsluna í áfanganum og Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi. 88.2 % aðspurðra sögðust vera ánægð með kennsluna en gert er ráð fyrir að 75% svari frekar sammála eða mjög sammála. Þessi þáttur kemur því út með betri árangri en gert er ráð fyrir í markmiðum. 80.6% nemenda töldu aðstöðu til náms og kennslubúnað viðunandi en gert er ráð fyrir að 85% nemenda svari frekar sammála eða mjög sammála. Þessi þáttur kemur því út með slakari árangri en sett er fram í markmiðum.

Þjónustukönnun

Ekki var gerð þjónustukönnun á haustönn 2014 og því ekki fjallað um síðustu könnun hér en eldri niðurstöður eru á **STS-007 Gæðamarkmið – Mælikvarðar**.

Starfsmannakönnun

Ekki var gerð starfsmannakönnun á haustönn 2014 og því ekki fjallað um síðustu könnun hér en eldri niðurstöður eru á **STS-007 Gæðamarkmið – Mælikvarðar**.

Innri úttektir

Úttektum fyrir árið 2014 er ekki að fullu lokið. Ákveðið var að fresta úttekt á tveimur verklagsreglum um hönnun og umbót áfanga og hönnun og umbót námsbrauta þar sem mikil vinna er í gangi við nýjar áfangalýsingar og námsbrautir. Úttektin á þessum reglum mun fara fram í apríl 2015. Tveimur úttektum er ekki lokið þegar þessi skýrsla er skrifuð. Alls voru úttektirnar 13 með samtals 34 verkferlum. 45 athugasemdir bárust. Yfirlit yfir athugasemdirnar fylgja þessari skýrslu.

Ytri úttektir - Vottun

Kjartan J. Kárason starfsmaður Vottunar ehf. gerði úttekt á verkferlum þann 19. nóvember 2014. Skýrsla vegna athugasemda úr þeirri úttekt hefur borist og hafin er vinna við lagfæringar.

Kennsluáætlanir

Alls var 291 kennsluáætlun búin til og dreift til nemenda í upphafi haustannar 2014. Öllum kennsluáætlunum var skilað til áfangastjóra og settar á heimasíðu VMA. Skil gengu nokkuð vel og allar kennsluáætlanir komnar á heimasíðu skólans.

Áfangaskýrslur vegna haustannar 2014

Kennarar skiluðu áfangaskýrslum um starf haustannar á sýnidegi prófa þann 17. desember 2014. Fjallað var um athugasemdir úr matinu á gæðaráðsfundi þann 13. janúar 2015 og úrbætur ákveðnar í framhaldi af því. Skýrslur um athugasemdir hafa verið sendar í tölvupósti til þeirra sem fjalla eiga um þær. Alls voru gerðar 13 skýrslur. Yfirlit yfir athugasemdirnar sem komu fram í áfangaskýrslunum vegna haustannar 2014 fylgja þessari skýrslu.

Framvindumat

Framvindumati brautar- og fagstjóra á haustönn 2014 var skilað 16. október. GÁT-020 Framvindumat brautarstjóra/fagstjóra (niðurstöður) er notað. Gæðaráð tekur skýrslurnar fyrir innan ákveðins tíma. Úrvinnsla úr framvindumatinu fyrir haustönn 2014 fór fram 22. október. Alls komu fram tvær athugasemdir og gerðar voru tvær skýrslur. Yfirlit yfir athugasemdir sem komu fram við framvindumat haustannar 2014 fylgja þessari skýrslu.

Ábendingar og kvartanir

Níu ábendingar og kvartanir bárust án þess að fara í gegnum framvindumat eða áfangaskýrslur. Meðhöndlun 7 þeirra er lokið þegar þessi skýrsla er skrifuð en tvö mál eru enn í vinnslu.

Kennslumat

Kennslumat var framkvæmt á haustönn 2014. Ekki er búið að birta heildarniðurstöður þess á heimasíðu VMA né taka saman niðurstöður um einstaka kennara. Starfsmannaviðtölum sem áttu að fara fram á haustönn 2014 er ekki öllum lokið.

Umbóta- og forvarnarverkefni

Mikill tími og vinna fór í endurskoðun á skólanámskrá. Búið er að kynna og samþykkja reglur um námsmat í VMA sem á að gilda frá og með haustinu 2015. Þar er helsta breytingin sú að allir nemendur skólans koma til með að fá miðannarmat en ekki aðeins þeir sem eru undir 18 ára aldri. Annars mun námsmat vera fjölbreytt og taka mið af fjölbreyttum kennsluháttum, námsmarkmiðum og hæfni nemenda. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat og símat sem gefur nemendum uppbyggilega og hvetjandi leiðsögn og metur vinnuframlag nemenda jafnt og þétt yfir önnina.

Ráðinn var verkefnastjóri til að vinna að skólanámskrá skólans. Í þeirri vinnu voru notuð gögn sem áður hafði verið aflað með virkri þátttöku starfsfólks. Úr gögnunum varð til skólabragur, lokamarkmið náms við skólann, hlutverk hans og námsmat. Áðurnefndir þættir ásamt grunnþáttum og lykilhæfni sem aðalnámskrá byggir á eru grunnur að brautar- og áfangalýsingum skólans. Brautirnar voru skipulagðar með kröfur aðalnámskrár til hliðsjónar ásamt aðgangsviðmiðum háskólanna. Allir kennarar skólans komu að vinnunni með einum eða öðrum hætti. Vinnan var kynnt á kennarafundum, öll gögn aðgengileg og kennurum gefinn kostur á að segja sitt um vinnuna.

Ný námskrá býður upp á meiri sveigjanleika en áður og skólarnir fá þar tækifæri til að marka sér sérstöðu. Íslenskudeild VMA sá sér þá leik á borði að stokka upp íslenskunámið með það að markmiði að auka val nemenda. Niðurstaðan varð sú að áfangar á 3. þrepi verða valfrjálsir og geta nemendur valið á milli fjögurra mismunandi áfanga á hvorri önn. Hugmyndin er sú að láta, a.m.k. suma, áfangana rúlla t.d. annað hvert ár en að allir áfangar næsta skólaárs liggja fyrir að vori svo að nemendur geti skipulagt sig fram í tímenn. Með þessu móti fá nemendur tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt, sem er í samræmi við áherslur skólans (skólabraginn), og það skilar sér vonandi í auknum metnaði og áhuga nemenda. Áhersla er lögð á fjölbreytt framboð áfanga, sem dæmi má nefna skapandi skrif, þjóðfræði, barnabókmenntir, kvikmyndafræði og félagsleg málvísindi.

Til þess að hægt væri að fara þessa leið þurfti deildin jafnframt að endurskoða áfanga á 2. þrepi, bæði til þess að leggja grunn að 3. þreps áföngunum og uppfylla hæfniramma aðalnámskrár framhaldsskóla. Á 2. þrepi verða því tveir skylduáfangar. Annar snýr að málnotkun og ritun en hinn tekur fyrir strauma og stefnur í bókmenntafræði. Vinna við áfangalýsingar hófst svo í lok árs 2014.

Gæðakerfið er í stöðugri þróun innan skólans og innleiða þarf samhliða breytingar á skólanámskránni gæðakerfi skólans. Hafa þarf að leiðarljósi að létta gæðakerfið þannig að það taki ekki of mikinn tíma frá kennurum og stjórnendum án þess að skerða þau gæði sem skólinn stendur fyrir. Nauðsynlegt er að halda áfram með innleiðingu fjarnáms inn í gæðakerfi skólans.

Umbætur á húsnaði - aðstöðu

Snyrtingar í D- og C- álmum voru gerðar upp. Þar voru gólf flísalögð og ný skilrúm sett upp og ný ljós. Mikil ánægja er með þessa breytingu.

Miklar breytingar voru gerðar á húsnaði og aðstöðu nemenda við VMA sumarið 2015. Bætt var við aðstöðu listnáms á annarri hæð skólans. Öll kennsla var færð úr kjallara og upp í F-05 og F-06. Skrifstofa kennara var stækkuð og veggur settur upp á fyrsta bita í stofu F-05 og kaffistofa stækkuð.

Aðstaða í rafmagni var líka bætt. Töflubásar voru fluttir niður í kjallara þar sem listnámið var áður. Sú kennsla sem fór fram í F-05 og F-06 var færð niður í stofu F-04 en búið er að skipta henni í tvö rými.

Gryfjunni var breytt. Settar voru tröppur á tveim stöðum niður í Gryfjuna. Ný ljós voru sett upp og sófar og borð keypt. Mun fleiri nemendur sitja og njóta þess að vera í Gryfjunni á skólatíma eftir þessar breytingar. Erfiðara er að undirbúa Gryfjuna fyrir viðburði á vegum Þórdunu nemendafélags skólans þar sem lítið svigrúm er til að færa húsgögnin.

Kennsla í bifvélavirkjun var flutt í húsnæði skólans við hlið málmíðnaðargreina. Settur var veggur til aðgreiningar á verkstæðum.

Erlent samstarf

VMA er að taka þátt í nokkrum spennandi verkefnum með skólum á Íslandi og í öðrum löndum á hinum ýmsu sviðum. Verkefnin eru:

Automotive technology and transport, best practice. Verkefnið snýst um að bera saman og ræða aðferðir í námi í bifvélavirkjun og flutningagreinum. Þátttakendur eru VMA, Eistland og Finnland. Verkefninu lauk með fundi í VMA 15. - 19. september 2014.

Mobility fjallar um að senda nemendur í sjúkraliðanámi í starfsnám erlendis. Þessu verkefni er lokið en mikilvægt að sækja um styrki til að geta haldið þessu áfram.

Leonardo da Vinci yfirfærsluverkefnið SOS Mobilities fjallar um að kennarar ræði um og læri að undirbúa nemendur fyrir að stunda vinnustaðanám erlendis, sérstaklega fjallað um nemendur sem eiga undir högg að sækja. Þátttakendur eru VMA, Finnland, Svíþjóð, Frakkland og Þýskaland.

Viðskiptabraut VMA tekur þátt í samskiptaverkefni fyrir kennara og nemendur. **Role of YOUTH in society – Royis.** Þátttakendur eru VMA, Finnland, Eistland, Lettland, Litháen. Fyrsti fundur var í VMA 15. – 19. sept 2014.

Starfsbraut VMA tekur þátt í þróunarverkefni um vinnustaðanám fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning. Þátttakendur eru VMA, FÁ, Noregur, Finnland. Fyrsti fundur var í Noregi í september 2014.

VMA og Charlottenlund í Þrándheimi í Noregi hafa fengið styrki til gagnkvæmra heimsóknar kennara og nemenda. Tveir styrkir: Á sviði tæknináms og á sviði list- og hársnyrtináms. Norðmenn komu í heimsókn á fund 10. - 12. september 2014. Frá VMA munu kennarar í tæknigreinum og listnámi – hársnyrtigreinum fara í heimsóknir og síðar munu nemendur heimsækja skólana.

WorkQual. Workmentoring within a Quality Management System. Erasmus Plus verkefni sem er stjórnað af VMA. Verkefnið fjallar um að taka saman og staðla vinnubrögð við að koma nemendum í vinnustaðanám og meta námið. Auk VMA vinna að þessu verkefni skólar í Noregi, Finnlandi, Englandi, Hollandi og Frakklandi.

Completing Secondary Education. Þetta verkefni gengur út að safna saman því sem skólarnir gera og hefur skilað árangri í að minnka brottfall. Markmiðið er að koma saman pakka af aðferðum sem hægt er að læra af hinum skólunum og geta þannig beitt fleiri úttæðum til að minnka líkur á brottfalli. Charlottenlund í Þrándheimi stýrir verkefninu. Auk þeirra eru VMA, Finnar, Danir, Þjóðverjar og Hollendingar.

Þá þarf að laga sag/kurlgeymslu í kjallara undir tréiðnaðarbraut í samráði við Fasteignir Ríkissjóðs.

Með tilkomu gámasvæðis við skólann verður auðveldara að vinna að flokkun á sorpi innan skólans. Vinna þarf að skipulagi og framkvæmd flokkunar á rusli í skólanum.



Rýni stjórnenda (niðurstöður)

Almennar kröfur:

ISO 9001 kafli 5.6 fer fram á eftirfarandi:

Kröfur til rýni:

- Tryggja að gæðastjórnunarkerfið henti áfram, sé fullnægjandi og virkt
- Leggja mat á tækifærum til umbóta
- Meta þörf á breytingum á gæðastjórnunarkerfinu, þ.m.t. gæðastefnu og markmið

Niðurstöður rýni stjórnenda innihaldi sem lágmark ákvarðanir og aðgerðir sem tengjast:

- Umbótum á virkni gæðastjórnunarkerfisins og ferlum þess (þ.m.t. gæðastefna og gæðamarkmið)
- Umbótum á vörunni (kennslu áfanga og námskeiða) í tengslum við kröfur viðskiptavina
- Mati á þörf auðlinda
- Mati á tækifærum til umbóta

Rýnisfundur var haldinn:

Mætt:	GLÁ, SHJ, BEN, HRS, HJS
Forföll:	JÓJ
Staður:	Fundarherbergi Ásgarði
Tími:	10. júní 2014 kl. 13 – 14:10

Niðurstöður rýnisfundar:

0. Forsendur

Tilgangur fundarins var að fara yfir **Skýrslu fyrir rýni stjórnenda vorönn 2014**. Frumrit þessarar skýrslu er í vörslu gæðastjóra, og ber hafa hana til hliðsjónar við yfirferð á þessari fundargerð. Allir þátttakendur fengu í hendur ljósrit af skýrslunni.

Atriðin hér að neðan eru tekin í sömu röð og efnisatriði skýrslunar, sem var útfærð skv. GAT-001 Rýni stjórnenda (gátlisti).

Ályktanir eru dregnar fyrir hvert atriði, og aðgerðir ákvarðaðar. Þessar aðgerðir eru teknar saman á aðgerðalista í lok þessarar fundargerðar, og fara inn á verkefnislista skv. verklagi gæðaráðs VKL-102 og fá eftirfylgni þar.

1. Niðurstöður frá fyrri rýni stjórnenda

Skráning á umbótar- og forvarnaverkefnum verður haldið áfram.

Innleiðing gæðakerfis í fjarnámi er enn í gangi og er stefnt að því að klára innleiðingu þess á árinu 2014. Innleiðingin hefur gengið hægt aðallega vegna tímaskorts stjórnenda til að vinna að verkefninu. Breytingar á stjórnendakerfi hafa ekki farið fram.

Skjalastjórnunarkerfi hefur ekki verið tekið í notkun. Skráning í eignaskráningakerfi ríkisstofnanna sem er í Oracle-kerfinu er að ljúka, bókhalds- og innheimtufulltrúi sér um þá vinnu. Vinna við skipulagningu öryggismála nemenda er ólokið. Flokkun á sorpi er á bið.

Vinnu við samræmt námsmat er í lokavinnslu og endurskoðun á skólanámskrá er enn í vinnslu. Breytingar á saggeymslu í byggingadeild hafa ekki enn farið fram.



Rýni stjórnenda (niðurstöður)

Þróunarverkefni sem fengu styrk á árinu 2013 er ekki öllum lokið en mun ljúka á árinu 2014. Umræður um FabLab í VMA í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð eru enn í gangi og vilji hjá aðilum að FabLab ver ferði sett upp í VMA.

Flutningur á aðstöðu til kennslu í bifvélavirkjun í húsnæði VMA mun ljúka fyrir haustið 2014. Það sama má segja um breytingar sem fara fram í vor og sumar. Þetta eru breytingar á húsnæði listnámsbrautar, rafiðn, málsmiðaverkstæði og í kjallara. Snyrtingar í D og C-álmu verða endurnýjaðar. Þá verður farið í endurnýjun á Gryfjunni og aðstaða fyrir nemendur bætt.

Vinna að nýrri skólanámskrá heldur áfram og þarf að vera lokið fyrir haustönn 2015. Styrkir til tækjakaupa sem skólinn fékk á síðasta ári hafa verið nýttir að mestu leyti. Tölvustýrður rennibekkur fyrir málsmiðabraut er komin í hús en beðið er eftir díselvél á vélstjörn.

Ekki hefur enn verið klárað að ganga frá formlegu samstarfi vegna valáfanga fyrir grunnskólanemendur en verkefnið heldur áfram næsta skólaár. Nemendur í 9. og 10. bekk hafa verið í rafiðn og byggingagreinum á þessu skólaári.

Settur var upp áfangi í vöruhönnun á vorönn 2014 en ekki hefur verið sett upp námsbraut eða kjörsvið í nýsköpunar/frumkvöðlafræðum.

Öðrum verkefnum frá fyrri rýni er lokið.

Vegna verkfalls starfsmanna innan KÍ á vorönn 2014 var ekki hægt að ljúka eins mörgum verkefnum og gert var ráð fyrir.

2. Niðurstöður innri úttekta

Úttektum fyrir árið 2013 er að fullu lokið. Búið er að bregðast við þeim athugasemdum sem bárust. Alls voru úttektirnar 13 með samtals 34 verkferlum. Alls voru 64 athugasemdir. Yfirlit yfir athugasemdirnar fylgja þessari skýrslu.

Almenn eftirfylgni varðandi innri úttektir fellur undir ábyrgð gæðastjóra og framkvæmist skv. verklagi um innri úttektir, kafli 5.3 í [VKL-403](#).

3. Endurgjöf frá viðskiptavinum (og notendum)

Þeir mælikvarðar sem notaðir eru, eru skv. eyðublaði STS-007 Gæðamarkmið - Mælikvarðar. Á vorönn 2014 var kennslukönnunin unnin í gegnum Survey Monkey og fengu nemendur tölvupóst með slóð inn á könnunina. Þau fög sem voru í könnun að þessu sinni voru erlend tungumál, byggingagreinar, samfélagsgreinar, listnámsgreinar, stærðfræði og lífsleikni.

Alls voru sendar út 2152 kannanir og fengust 825 svör. Ítrekunarpóstur var sendur út og gengið í stofur til að hvetja nemendur til að svara þessum könnunum.

Starfsmannaviðtölum, þar sem kennslumatið er m.a. lagt til grundvallar, er ekki alveg lokið og þeim verður frestað til haustannar 2014. Ekki er búið að fara yfir heildar niðurstöður kennslumatsins á fundi gæðaráðs og kennarar og fagfundir hafa ekki fengið niðurstöður sínar.

Samkvæmt skipulagi var hvorki gerð þjónustukönnun né starfsmannakönnun.

4. Frammistaða ferla, samræmi vöru og útskrift áfanga

4.1 Frammistaða ferla og samræmi vöru

Í samræmi við verklag.

4.2 Útskrift áfanga

Unnið eftir VKL-106 og allir fimm þættirnir til staðar. Skil á gögnum voru góð og útskrift áfanga var lokið á tilsettum tíma.

5. Staða forvarna og úrbóta



5.1 Forvarnir

Eitt umbótaverkefni kom frá hagsmunaráði Þórdunu á haustönn 2013 þar sem leitað var til þeirra með þá hugmynd að hafa stoðtíma í prófatíð. Nú á vorönn var þetta prófað. Nemendur fengu aðstoðu í I-01 sem hugsuð var eins og fundaraðstaða. Þangað gátu nemendur komið lært og spjallað saman, lesstofan á bókasafninu er fyrir þá sem vilja frið við lærdóm og eins var Gryfjan notuð. Nokkur fög og deildir buðu upp á stoðtíma daginn fyrir próf. Kennarar sendu ritara Þórdunu upplýsingar um stoðtímana sem setti auglýsingar inn á facebook-síðu félagsins. Safna á athugasemdum varðandi þetta fyrirkomulag á haustönn til að geta gert enn betur. Nú hafa t.d. komið óskir þar sem ekki er ætlast til að heilu prófunum sé svarað. Mikilvægt er að setja saman einhverjar leiðbeiningar þar sem eldri nemendur taka vonandi að sér svona aðstoð í framtíðinni. Það þurfa allir að vera samstiga í þessu.

Forvarnarverkefni frá fyrri önnum er enn í gangi:

- Öryggismálum á verknámsbrautum skólans

Öryggismál nemenda verða áfram í vinnslu innan öryggisnefndar og stjórnenda og er innleiðing öryggismyndavéla hluti af þeirri vinnu. Beiðni barst frá nefndinni um að gæðakerfið myndi halda utan um minniháttar óhöpp sem ekki eru tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Þessu hefur verið bætt inn á GÁT-008 Frábrigði - ábendingar - tilkynningar - kvartanir - umbætur og forvarnir. Þessar skýrslur geymir gæðastjóri í möppu hjá sér merkt Óhöpp.

Gera þarf átak í því að kennarar skrái þau verkefni sem þeir eru með í gangi. Töluvert er unnið að úrbótum á ýmsum sviðum í skólanum og eðlilegt er að mörg þessara verkefna séu skilgreind og skráð sem forvarnarverkefni eða umbótaverkefni.

5.2 Úrbætur

Átta ábendingar og kvartanir bárust án þess að fara í gegnum framvindumat eða áfangaskýrslur. Meðhöndlun 6 þeirra er lokið þegar þessi skýrsla er skrifuð en tvö mál eru enn í vinnslu.

Enn er verið að vinna að því að færa fjarnámið undir gæðakerfið og er stefnt að því að vinna við þetta ljúki á vorönninni 2015. Búið er að fara yfir ýmsar verklagsreglur og enn er þó nokkur vinna eftir í þeim og gátlistum. Jafnframt þarf að samræma vinnulýsingar og fleira.

Miklar breytingar verða gerðar á húsnæði og aðstoðu nemenda við VMA nú í sumar. Í stuttu máli verður aðstaða listnáms aukin á annarri hæð skólans. Öll þeirra kennsla verður færð úr kjallara og upp í F-05 og F-06. Skrifstofa kennara verður stækkuð og veggur settur upp á fyrsta bita í stofu F-05 og kaffistofa stækkuð.

Aðstaða í rafmagni verður líka bætt. Töflubásar verða færðir niður í kjallara þar sem gamli íþróttasalurinn var og útbúið kennslurými þar við hliðina. Sú kennsla sem fór fram í F-05 og F-06 verður færð niður í stofu F-04 en búið er að skipta henni í tvö rými.

Gryfjunni verður breytt í sumar. Þar verður lýsingu breytt og settar tröppur. Fenginn var arkitekt í þessa vinnu og það verður virkilega spennandi að sjá hvernig til tekst.

Kennsla í bifvélavirkjun hefur verið í Fjólnisgötu en verður nú flutt í sama húsnæði og málmíðnaðargreinar. Settur verður veggur til aðgreiningar á verkstæðum.

Síðasta sumar var byrjað á lagfæringum á snyrtingum skólahúsnæðisins. Ánægja var með breytingarnar og nú verða snyrtingar í C-álmum og D-álmum lagfærðar.

Enn er verið að vinna að því að færa fjarnámið undir gæðakerfið. Búið er að fara yfir ýmsar verklagsreglur og enn er þó nokkur vinna eftir í þeim og gátlistum. Jafnframt þarf að samræma vinnulýsingar og fleira.

Þá þarf að laga sag/kurlgeymslu í kjallara undir tréiðnaðarbraut í samráði við Fasteignir Ríkissjóðs.

Með tilkomu gámasvæðis við skólann verður auðveldara að vinna að flokkun á sorpi innan skólans. Vinna þarf að skipulagi og framkvæmd á flokkun á rusli í skólanum.

Vinna við deiliskipulag á lóð skólans í samvinnu við Akureyrarbæ er lokið og er ferlið nú í almennri kynningu.



VMA er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli sem er samstarfsverkefni Landlæknisembættisins, mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis, Sambands íslenskra framhaldsskólanema (SÍF), Hagsmunaráðs íslenskra framhaldsskólanema (HÍF) og 23 annarra framhaldsskóla í landinu.

Meginþemu verkefnisins eru fjögur og er þau: næring, hreyfing, geðrækt og lífsstíll. Skólinn mun marka sér 4 ára stefnu og semja Lýðheilsuáætlun þar sem hvert þema verður í brennidepli í eitt ár en að lokum ættu þessi 4 þemu að efla heilbrigðan lífsstíl nemenda. Skólaárið 2013-2014 er geðrækt tekin fyrir.

6. Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

Gæðakerfið er í stöðugri þróun innan skólans. Halda þarf áfram að létta gæðakerfið þannig að það taki ekki of mikinn tíma frá kennurum og stjórnendum. Mikið hefur verið gert í því að aðlaga Gæðahandbókina að þörfum og notkun okkar í VMA. Skólinn hefur fengið alhliða gæðavottun ISO-9001 fyrir allt nám í dagskóla. Haldið verður áfram með innleiðingu fjarnáms inn í gæðakerfi skólans.

Öryggismál nemenda verða áfram í vinnslu innan öryggisnefndar og stjórnenda. Haldið verður áfram með merkingakerfi og eignaskráningu fyrir búnað og tæki skólans. Eignaskráning er komin í viðeigandi horf og nú skráð inn í Oracle-kerfi ríkisstofnana. Skjalastýringakerfi er í skoðun hjá Mennta- og menningarmálaráðuneyti og mun skólinn fylgjast með þeirri þróun.

Samræming á námsmati innan skólans er langt komin og er unnin í tengslum við endurskoðun á skólanámsskrá.

Flokkun á sorpi frá skólanum er ekki hafin nema að takmörkuðu leiti. Breytingar í kringum saggeymslu í kjallara undir byggingadeild hafa enn ekki farið af stað. Búið að ræða þær breytingar við Fasteignir ríkissjóðs. Halda þarf áfram að vinna að stofnun FabLab í VMA í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð.

Flutningur á aðstöðu til kennslu í bifvélavirkjun í húsnæði VMA mun ljúka fyrir haustið 2014. Það sama má segja um breytingar sem fara fram í vor og sumar. Þetta eru breytingar á húsnæði listnámsbrautar, rafiðn, málmsmiðaverkstæði og í kjallara. Snyrtingar í D og C-álmú verða endurnýjaðar. Þá verður farið í endurnýjun á Gryfjunni og aðstaða fyrir nemendur bætt.

7. Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)

Gæðamarkmið - mælikvarðar

Þeir mælikvarðar sem notaðir eru, eru skv. eyðublaði STS-007 Gæðamarkmið - Mælikvarðar. Á vorönn 2014 var kennslukönnunin unnin í gegnum Survey Monkey og fengu nemendur tölvupóst með slóð inn á könnunina. Þau fög sem voru í könnun að þessu sinni voru erlend tungumál, byggingagreinar, samfélagsgreinar, listnámsgreinar, stærðfræði og lífsleikni.

Alls voru sendar út 2152 kannanir og fengust 825 svör. Ítrekunarpóstur var sendur út og gengið í stofur til að hvetja nemendur til að svara þessum könnunum.

Áfangastjórar og aðstoðarskólameistari hafa tekið saman töluleg gögn um árangur starfsins og vorönn 2014 og þau gögn hafa verið borin saman við gæðamarkmið og mælikvarða þar sem það var hægt. Meðfylgjandi er stjórnskipulagsskjalið STS-007 Gæðamarkmið-Mælikvarðar og niðurstöðurnar.

Af þeim ellefu þáttum sem þar eru tilgreindir, voru sjö mældir á þessari önn en eldri niðurstöður eru tilgreindar í fjórum þáttum.

Meðaleinkunn er leitast við að sé 6,5 eða hærri. Vorið 2014 var meðaleinkunn 6,79. Því kemur sá þáttur ívið betur út en sett er fram í markmiðum.



Fallprósentu leitast skólinn við að hafa undir 10%. Vorið 2014 var fallprósentan 10,2%. Því kemur sá þáttur verr út en sett er fram í markmiðum.

Mætingar er leitast við að hafa 90% eða hærri. Vorið 2014 voru mætingar 85,5%. Það er undir því viðmiði sem sett er fram í markmiðum.

Brottfall er leitast við að hafa undir 9,0. Vorið 2014 var brottfallið 12%. Því kemur þessi þáttur verr út en sett er fram í markmiðum.

Það skal bent á að niðurstöðurnar fyrir gæðamarkmið VMA nú eru bornar saman við markmið sem sett er fyrir eitt almanaksár. Þá eru þetta þættir sem sem sveiflast mjög á milli ára og því verður að hafa fullan fyrirvara á niðurstöðurnar.

Niðurstöður þessara mælinga eru slakari en oft áður og getur það m.a. Verið vegna verkfalls kennara og stjórnenda á vorönn 2014.

Þjónustukönnun

Ekki var gerð þjónustukönnun á vorönn 2014 og því ekki fjallað um síðustu könnun hér en eldri niðurstöður eru á **STS-007 Gæðamarkmið – Mælikvarðar**.

Starfsmannakönnun

Ekki var gerð starfsmannakönnun á vorönn 2014 og því ekki fjallað um síðustu könnun hér en eldri niðurstöður eru á **STS-007 Gæðamarkmið – Mælikvarðar**.

Ytri úttektir - Vottun

Kjartan J. Kárason starfsmaður Vottunar ehf. gerði úttekt á verkferlum þann 12. maí 2014. Skýrsla vegna athugasemda úr þeirri úttekt hefur ekki borist þegar þessi skýrsla er rituð. Kjartan hafði orð á að aldrei hefði hann fengið jafn góðan mat í úttekt eins og nú þar sem hann fór í mat inn á matvælabraut.

Gæðastefna

Farið yfir gæðastefnu skólans (STS-002). Setja þarf inn í gæðastefnu einkunarorð skólans sem ákveðin voru á síðasta ári.

8. Tillögur um umbætur

Breytingar á verklagsreglum til samræmis við breytta/raunverulega framkvæmd eru í gangi. Þá þarf að halda áfram að einfalda flæðirit sem notuð eru í verklagsreglunum. Skýra þarf betur og fara yfir gátlista, eyðublöð, leiðbeiningar og minnislista til að samræma og einfalda kerfið.

Þá þarf að vinna að laga sag/kurlgeymslu í kjallara undir tréiðnaðarbraut í samráði við Fasteignir Ríkissjóðs.

Endurskoðun á stjórnendakerfi og námsbrautaskipan í VMA heldur áfram næsta skólaár.

Vinna þarf að endurnýjun á húsgögnum í kennslustofum.

Kominn er tími á endurnýjun á ýmsum kennslubúnaði bæði í bóklegri og verklegri kennslu.

9. Tillögur um auðlindir

Á næsta skólaári verður fram haldið vinnu í tengslum við ný framhaldsskólalög og nýjar námsbrautir/leiðir sem boðið verður upp á í VMA. Vinnu við nýja skólanámsskrá þarf að halda áfram. Vinna þarf að skjalastýringakerfi fyrir skólann.

Skoða þarf möguleika á því að bjóða upp á matreiðslumannsnám og námi fyrir verslunarþjóna.

Unnið verður áfram með þróunarverkefni sem skólinn hefur fengið styrk til að vinna að. Verkefni er snýr að móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku er í vinnslu. Þá stendur yfir endurskoðun á öllu námi til vélstjórnar í samvinnu við Tækniskólann.

Nr.: GAT-002

Útgáfa: 01

Dags.: 22.06.2005

Höfundur: HAJ

Samþykkt: HJS

Síða 6 af 8

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Rýni stjórnenda (niðurstöður)



Unnið verður að því að setja upp FABLab innan skólans í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð. Unnið er áfram að þróun í kennslu í upplýsingatækni og vefforritun. Unnið verður að þróun náms í vöruhönnun og nýsköpun/frumkvöðlafræði í samvinnu viðskiptasviðs og listnámsbrautar.

Haldið verður áfram að vinna að því að fá styrki frá fyrirtækjum til tækjakaupa fyrir skólann. Skólinn fékk 20 milljónir í desember 2013 og verður sá styrkur nýttur til að kaupa díselvél inn á vélstjórn og tölvustýrðan rennibekk á málmsmiðaverkstæði. Vinna við þau kaup eru á lokastigi og tölvustýrður rennibekkur kominn í hús.

Samstarf við grunnskólana á Akureyri hefur verið að aukast og þarf að koma því samstarfi í fast form.



10. Aðgerðalisti

Skv. verklaginu lýst í kafla 5.4 í VKL-401 Rýni stjórnenda, færir gæðastjóri eftirfarandi aðgerðir yfir á verkefnalista gæðaráðs. Þessi aðgerðalisti verður einnig viðfangsefni næsta rýnis (sbr. atriði 6 hér að neðan). Númer á einstökum efnisatriðum hér að neðan vísa á sama kaflanúmer í **Skýrslu fyrir rýni stjórnenda VORÖNN 2013**.

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA HAUST 2013		
Nr.	Atriði	Ábyrgð
2	Innri úttektir	
	Eftirvinna varðandi innri úttektir er í höndum gæðastjóra og undirbúningur fyrir haustönn 2014 er hafin.	HRS
3	Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum	
	Enn hafa ekki allir farið í starfsmannviðtal sem áttu að fara í viðtal á vorönn 2014.	SHJ
4	Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og námskeiða	
	Fylgja þarf eftir ábendingum sem koma fram í áfangaskýrslum vorannar 2014.	Gæðaráð
5	Staða forvarna og úrbóta	
	Skjalastýringakerfi fyrir skólann verður skoðað.	HRS
	Fara yfir öryggismál nemenda í skólanum	Öryggisnefnd
	Flokkun sorps	HJS
	Setja upp stoðtíma fyrir nemendur í prófatið.	Áfangastj.
	Fjarnám verður sett undir gæðakerfi skólans.	Gæðaráð
	Vinna við framhaldsskólaprófi er lokið en eftir að fá leyfi fyrir námsbrautinni frá MRN.	Áfangastj.
	Efla þarf skráningu á forvörnum og umbótum sem aðrir innan skólans en gæðaráð taka þátt í eða byrja með.	Gæðaráð
6	Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda	
	Halda áfram að endurskipuleggja gæðakerfið til að létta verklag.	Gæðaráð
	Lokið verður vinnu við samræmt námsmat fyrir skólann.	Áfangstjórar SHJ/HJS
	Öryggismál nemenda verða unnin í öryggisnefnd og hópi stjórnenda.	Gæðaráð og öryggisnefnd
	Setja fjarnámið inn í gæðakerfi skólans í áföngum.	Gæðaráð ING

Nr.: GAT-002
Útgáfa: 01
Dags.: 22.06.2005
Höfundur: HAJ
Samþykkt: HJS
Síða 8 af 8

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Rýni stjórnenda (niðurstöður)

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA HAUST 2013		
Nr.	Atriði	Ábyrgð
	Laga saggeymslu í kjallara undir tréiðnaðardeild í samráði við Fasteignir Ríkissjóðs.	HJS
	Bifvélavirkjun flutt frá Fjölningötu í húsnæði VMA.	Skólameistari
	Breytingar á húsnæði listnámsbrautar, rafíðn, málmsmiðaverkstæði og í kjallara.	Skólameistari
	Snyrtingar í D og C-álmú verða endurnýjaðar.	Skólameistari
	Vinna að endurskoðun á stjórnendakerfi VMA.	HJS
	Endurbætur á Gryfju, aðstaða fyrir nemendur bætt þar.	Skólameistari
7	Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)	
	Endurskoðun á skólanámskrá mun fara fram á næstu önnum og breytingar í tengslum við nýja menntastefnu mun hafa áhrif á gæðakerfi skólans.	Gæðaráð
8	Tillögur um umbætur	
	Endurnýjun á húsgögnum fyrir nemendur í kennslurýmum.	HJS
	Endurnýjun á búnaði og kennslugögnum til kennslu í bóklegum og verklegum greinum.	
9	Tillögur um auðlindir	
	Vinna að nýrri skólanámskrá og á að vera lokið fyrir haustönn 2015.	HJS/SHS
	Vinna að þróunarverkefnum sem skólinn hefur fengið styrk til að vinna að á árinu 2013 og 2014.	Stjórnendur
	Unnið verður að því að setja upp FABLab innan skólans.	HJS
	Styrkir til tækjakaupa verða nýttir.	HJS
	Samstarf við grunnskóla á Akureyri verði sett í fast form.	BEN/SHJ
	Unnið að skipulagningu náms í nýsköpunar/frumkvöðlafræði ásamt vöruhönnun.	HJS/JÓJ

Ef starfsmaður sér tækifæri til umbóta á skólastarfsemi eða nauðsyn á forvörnum lætur hann gæðastjóra vita með tölvupósti

Nr.: STS-007	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 19.11.2010		
Höfundur: HJS/SHJ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 5	Gæðamarkmið - Mælikvarðar	

Gæðamarkmið fléttast beint inn í rekstrar- og viðskiptamarkmið Verkmenntaskólans á Akureyri enda er litið á gæðastjórnun skólans sem lið í daglegum rekstri hans. Í VMA er unnið að því að bæta gæði skólastarfsins með hliðsjón af eftirfarandi gæðamarkmiðum og kvörðum til að mæla þau:

Gæðamarkmið	Mælikvarðar	Staða	Hvenær mælt	Markmið
Nemendur náí sem bestum árangri í námi sínu bæði bóklegu og verklegu.	Meðaleinkunn (allir áfangar)	6.78 (6.79) (6.79) (6,8) (6,85) (6,8) (6,71) (6,70) (6,45) (6,54) (5,85)	H 2014 V 2014 (V og H 2013) (V og H 2012) (V og H 2011) (V og H 2010) (V og H 2009) (V og H 2008) (V og H 2007) (V og H 2006) (V og H 2005)	6,50
	Fallprósenta	10.4% (10.20%) (10.5%) (10,5%) (9,95%) (10,05%) (10,97%) (10,35%) (11,8%) (13,3%)	H 2015 V 2014 (V og H 2013) (V og H 2012) (V og H 2011) (V og H 2010) (V og H 2009) (V og H 2008) (V og H 2006) (V og H 2005)	10%

Nr.: STS-007	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 19.11.2010		
Höfundur: HJS/SHJ	Gæðamarkmið - Mælikvarðar	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 5		

Bæta ástundun og minnka hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi.	Mætingar %	87.1%	H 2014	90%	
		(85,5%)	V 2014		
		(86,7%)	(V og H 2013)		
		(87,2%)	(V og H 2012)		
		(88,4%)	(V og H 2011)		
		(89,35%)	(V og H 2010)		
		(88,55%)	(V og H 2009)		
		(90,05%)	(V og H 2008)		
		(85,6%)	(V og H 2006)		
		(87,6%)	(V og H 2005)		
				9,00%	
		Brottfall %	11.5%	H 2014	
			(12%)	V 2014	
			(10,0%)	(V og H 2013)	
		(10,5%)	(V og H 2012)		
		(10,0%)	(V og H 2011)		
		(8,7 %)	(V og H 2010)		
		(10,32%)	(V og H 2009)		
		(9,8%)	(V og H2008)		
		(11,1%)	(V og H 2006)		
		(9,9%)	(V og H 2005)		

Nr.: STS-007	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 19.11.2010		
Höfundur: HJS/SHJ	Gæðamarkmið - Mælikvarðar	
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 5		

Nemendur séu ánægðir í skólanum og með þá þjónustu sem þar er veitt.	Kennslukönnun: Ég er ánægður með kennsluna í áfanganum	88.2% 87.19% 89.4% 84% 88,14% 84,5% 82,68% 76,1% 79,5% 74,5%	H 2014 V 2014 (V og H 2013) (V og H 2012) (V og H 2011) (V og H 2010) (V og H 2009) (V og H 2008) (V og H 2007) (V og H 2006)	75% svari frekar sammála eða mjög sammála.
	Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi	80.6% 89.77% 84,9% 89,7% 85,56% 87,5% 87,44%	H 2014 V 2014 (V og H 2013) (V og H 2012) (V og H 2011) (V og H 2010) (H 2009)	85% svari frekar sammála eða mjög sammála.
	Þjónustukönnun: Í skólanum líður mér vel	87.3% 84,91% 83% 76%	H 2013 (V 2011) (V 2009) (V 2006)	90% svara alltaf eða oftast
	Ég tel að námið í VMA undirbúi mig vel fyrir frekara nám eða starf.	76.4% 84,72% 83%	H 2013 V 2011 (V 2009)	90% nem svara mjög sammála eða frekar sammála.
Að starfsmenn séu ánægðir í starfi sínu í VMA og skapa starfseminni eins	Starfsmanna könnun: Ég er ánægð(ur)	68%	H 2012	

Nr.: STS-007	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 19.11.2010		
Höfundur: HJS/SHJ		
Sampykkt: HJS		
Síða 4 af 5	Gæðamarkmið - Mælikvarðar	

góðar forsendur og kostur er með öllum aðbúnaði.	með núverandi vinnuaðstöðu mína.	69%	H 2010	85% svara mjög sammála eða frekar sammála	
		64,29%	H 2008		
	Þegar á heildina er lítið er ég ánægð(ur) í starfi mínu.	95.7%	H 2012		95% svara mjög sammála eða frekar sammála.
		99%	H 2010		
		92,75%	H 2008		
Halda virkri gæðavottun um rekstur skólans samkvæmt ISO 9001 staðli	Vottun og innri úttektir sem sýna að námið sé í samræmi við þessar kröfur.		19/11/14	Skólinn haldi vottun samkvæmt ISO-9001 staðli.	

Aðferðir til að mæla gæði starfseminnar

Meðaleinkunn: Meðaltal allra einkunna í skólanum. Vegið meðaltal haust- og vorannar.

